

Ágreining um skuldakröfu og stofnsjóðsinnstæður má bera undir skiptarétt 22 þann, er átt hefði að fara með bú félagsins, ef það hefði verið tekið til opin- 13. júní berra skipta.

11. gr.

Aftan við orðin „efnahag félags, er þeir stýra“ í 2. málsg. 39. gr. laganna, sem verður 42. gr., komi: eða ef þeir brjóta ákvæði 26. gr.

12. gr.

Á eftir 41. gr. laganna, sem verður 44. gr., komi ný grein, sem verður 45. gr., svo hljóðandi:

Félögum, sem skrásett eru eftir þessum lögum, er einum heimilt að hafa orðin „kaupfélag“, „samvinnufélag“, „pöntunarfélag“ eða önnur orð, sem merkja samvinnufélag, í nafni sínu, eða skammstafanir úr þeim orðum.

13. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlzt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra og laga nr. 22 19. maí 1930 inn í lög nr. 36 27. júní 1921 og gefa þau út svo breytt sem lög um samvinnufélög, að slepptri 42. gr. síðastnefndra laga.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Haraldur Guðmundsson.*

**L Ö G**

**um löggilding verzlunarstaðar í Örlygshöfn í Barðastrandarsýslu.**

23

13. júní

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Örlygshöfn í Rauðasandshreppi í Barðastrandarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þá er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Haraldur Guðmundsson.*